

# Starfsreglur Vísindaráðs Krabbameinsfélags Íslands

Reglurnar voru staðfestar á fundi stjórnar Krabbameinsfélags Íslands 9. febrúar 2016.

## 1. gr. Hlutverk.

- 1.1. Hlutverk Vísindaráðs Krabbameinsfélags Íslands er að fjalla faglega um umsóknir um styrki í Vísindasjóð Krabbameinsfélags Íslands og um umsóknir um styrki í Vísindasjóð Norræna krabbameinssambandsins, NCU. Stjórn Krabbameinsfélags Íslands getur auk þess óskað umsagnar ráðsins um vísindaleg málefni.
- 1.2. Vísindaráðið fylgist eftir föngum með framgangi verkefna.

## 2. gr. Skipan og starfstilhögun.

- 2.1. Í Vísindaráði Krabbameinsfélags Íslands sitja níu menn. Ár hvert skipar stjórn Krabbameinsfélags Íslands þrjá menn í ráðið til þriggja ára. Endurkosning er óheimil fyrr en liðið er a.m.k. eitt ár frá síðustu setu í ráðinu. Stjórnin skipar einnig menn í stað þeirra sem hverfa úr ráðinu áður en kjörtímabilið rennur út og sitja hinir nýju menn til loka hins reglulega kjörtímabils. Endurkjósa má þessa ráðsmenn einu sinni. Stjórnin skipar formann og varaformann ráðsins til eins árs í senn.
- 2.2. Starfsmenn Krabbameinsfélags Íslands og kjörnir fulltrúar hafa ekki rétt til setu í ráðinu.
- 2.3. Eigi meðlimir ráðsins einhverja hlutdeild í verkefni sem ráðið fjallar um taka þeir ekki þátt í umræðum um hlutaðeigandi verkefni og eiga ekki þátt í ákvörðun ráðsins um verkefnið.
- 2.4. Meðlimir ráðsins hljóta ekki laun fyrir störf í ráðinu.
- 2.5. Vísindaráð heldur fundi eftir þörfum eða ef þrír eða fleiri meðlimir ráðsins óska þess.
- 2.6. Stjórn Krabbameinsfélags Íslands ræður ráðinu ritara sem er tengiliður félagsins við ráðið. Ritari skráir fundargerðir, boðar fundi, aflar ráðinu upplýsinga og annast önnur störf í þágu ráðsins.
- 2.7. Öllum ráðsmönnum ber að kynna sér þær umsóknir sem berast. Formaður getur falið einum ráðsmanni að kynna sér einhverja umsókn sérstaklega, meta gildi umsóknarinnar og leita umsagnar sérfróðra aðila utan ráðsins. Öðrum ráðsmönnum skal gerð grein fyrir niðurstöðum slíkra athugana.

## 3. gr. Annað.

- 3.1. Starfsreglur þessar öðlast gildi þegar stjórn Krabbameinsfélags Íslands hefur staðfest þær.

## Vísindaráð Krabbameinsfélags Íslands

Jón Gunnlaugur Jónasson læknir, prófessor og yfirlæknir Rannsóknastofu Háskólans í meinafræði	2016-2017
Sigurður Yngvi Kristinsson læknir, prófessor í blóðsjúkdómafræði	2016-2017
Unnur A. Valdinarsdóttir faraldsfræðingur, prófessor, forstöðumaður Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum	2016-2017
Sigurdís Haraldsdóttir læknir, aðstoðarprófessor, Stanford University Medical Center	2016-2018
Vilmundur Guðnason læknir, prófessor og forstöðulæknir Hjartaverndar	2016-2018
Þórunn Rafnar erfðafræðingur, deildarstjóri krabbameinssviðs Íslenskrar erfðagreiningar (formaður)	2016-2018
Eiríkur Steingrímsson prófessor við læknaeild Háskóla Íslands	2017-2019
Erla Kolbrún Svavarsdóttir prófessor í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands	2017-2019
Thor Aspelund prófessor við læknaeild Háskóla Íslands	2017-2019